

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 127/2006

frá 22. september 2006

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2006 frá 28. apríl 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB frá 26. október 2005 um samruna hlutafélaga milli landa ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 10d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB) í XXII. viðauka við samninginn:

„10e. **32005 L 0056:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB frá 26. október 2005 um samruna hlutafélaga milli landa (Stjtið. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/56/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 175, 29.6.2006, bls. 105, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 29.6.2006, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 1.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.